

Kæru foreldrar/forráðamenn

Nú fer að líða að lokum skólaársins og síðustu skóladagarnir framundan. Við verðum mikið útivið og því er mikilvægt að nemendur komi klæddir eftir veðri og hafi einnig með sér lítinn bakpoka(sundpoka) svo þeir geti borið með sér nesti. Nemendur verða að hafa með sér drykki (safa eða vatn í flösku) svo þeir hafi eitthvað að drekka á ferðum sínum og með hádegismatnum þegar grillað er úti. Vordagarnir eru skertir nemendadagar og verður dagskráin frá **kl. 9:00 til 12:00**.

Dagskrá verður sem hér segir:

Föstudagur 31. maí: Skipulagsdagur starfsmanna – engin kennsla-
Skólaþing fyrir starfsmenn og foreldra kl.8-9:30 – í Tjarnarsal
Myndum stefnu um HEIMANÁM nemenda
Markmið heimanáms
Hvernig ætti heimanám að vera-hve mikið/hvað ??
Tinna Magnúsdóttir verður með stuttan fyrirlestur, síðan skiptum við okkur í hóp og myndum stefnu skólans. Vonumst til að sjá sem flesta foreldra.
Kaffi á könnunni☺

Mánudagur 3.júní: (Skertur dagur).

1.-4. bekkur: Nemendur **mæta kl. 9:00**. Þeir sá grasfræjum ásamt því að moka og leika í fjörunni. Farið í fjórum hópum, gott að vera klædd eftir veðri, með fötur og skóflur. Gott að mæta á hjóli að sjálfsögðu með hjálminn. Nemendur koma til baka í skólann til að borða hádegismat og fara svo heim. Þeir sem eru í Frístund fara þangað að hádegismat loknum.

5.-7.bekkur: Nemendur **mæta kl. 9:00**. Farið verður í gróðursetningu á Háabjalla. Gott að mæta á hjóli að sjálfsögðu með hjálminn. Nemendur koma til baka í skólann til að borða hádegismat og fara svo heim.

8.-9.bekkur: Nemendur **mæta kl 9:30**. Farið til Reykjavíkur í Lasertak og sund. Nemendur fá pizzu í ferðinni og borða því ekki hádegismat í skólanum.

10.bekkur: Á ferðalagi um Skagafjörð.

Þriðjudagur 4.júní: (Skertur dagur)

1.-4. bekkur: Nemendur **mæta kl. 9:00**. Farið í ýmsa fjölbreytta leiki. Pulsugrill í Aragerði. Þeir sem eru í Frístund fara þangað að grilli loknu.

5.-7.bekkur Nemendur **mæta kl. 9:00**. Farið verður í ratleik. Pulsugrill í Aragerði.

8.-9.bekkur Nemendur **mæta kl. 9:00**. Skólympíuleikar. Fjölbreytt íþróttadagskrá í boði. Pulsugrill í Aragerði.

Nemendur í 5.-10. bekk fara heim að grilli loknu.

10.bekkur: Kemur heim úr skólaferðalaginu ca. kl.22:00

**Miðvikudagur 5.júní: Skólaslit 1.-7.bekkur kl. 11:00 í Tjarnarsal
Skólaslit 8.-10.bekkur kl. 13:00 í Tjarnarsal**

Bestu kveðjur, starfsfólk Stóru-Vogaskóla